


➤ Kvöldið endaði svo á því að Rich bað fólk um að senda sér smáskilaboð ef það vildi fá tónlist hans frítt. 30

Segja van Gogh hafa verið skotinn



Sjálfsmynd eftir van Gogh.

Höfundar nýrrar og víðamikillar ævisögu um hollenska listmál-arann Vincent van Gogh halda því fram að mál-arinn hafi ekki framið sjálfsmorð árið 1890, eins og talið hefur verið, heldur

hafi hann orðið fyrir voðaskoti tveggja drengja sem voru með bílað skotvopn. Samkvæmt BBC komust höfundarnir, Steven Naifeh og Gregory White Smith, að þeirri niðurstöðu eftir að hafa unnið að bókinni í meira en tíu ár, með aðstoð fjölda þýðenda og rannsakenda. Segja þeir van Gogh hafa viljað vernda drengina og því hafi hann sagst hafa skotið sig, en hann lést skömmu síðar sökum blæðingar.

Sérfræðingar við Van Gogh-safnið í Hollandi segja ekki sannfærðir um þessa söguskiðun

Fjallar um þróun tréskurðarlistar

Björn Bergsson flytur í dag, þriðjudag, fyrirlestur um íslenska tréskurðarlist í Þjóðminjasafni Íslands. Fyrirlesturinn hefst klukkan 12.05 í fyrirlestrarsal safnsins og er í tengslum við sýningar á íslenskum útskurði sem stendur þar yfir.



Björn Bergsson

Í fyrirlestrinum fer Björn stuttlega yfir sögu íslensks tréskurðar frá landnámi og tengir hann við það sem var að gerast í Noregi og á meginlandi Evrópu á sama tíma. Aðaláherslu leggur hann þó á tréskurð við lok 19. aldar og allt til dagsins í dag.

Björn Bergsson er ritari Félags áhugamanna um tréskurð og kennir félagsfræði við Menntaskólann við Hamrahlíð. Hann hefur sjálfur lagt stund á myndskurð.

Myndlist Fjölbreytileg verk á vefuppbóði

Prettánda vefuppbóð Gallerís Foldar hófst um helgina á vefnum www.uppbod.is.

Á uppbóðinu eru 36 tvívíð verk, teikningar, þrykk og málverk. Nokkur verkanna eru eftir suma þekktustu listamenn 20. aldar, þar á meðal Þorvald Skúlason, Nínu Tryggvadóttur, Kristínu Jónsdóttur og Jóhannes Kjarval. Einnig eru boðin upp verk eftir Hring Jóhannesson, Jón Þorleifsson, Tolla, Eirík Smith, Sigurð Sigurðsson, Jón Engilberts, Benedikt Gunnarsson og fleiri.

Uppboðinu lýkur eftir viku, mánudaginn 24. október næstkomandi.



Uppstilling eftir Jón Þorleifsson.

Húsagerðarlist Fjallar um tíma-mótahús í Garðabæ

Pétur H. Ármannsson arkitekt flytur í dag, þriðjudag kl. 20.00, fyrirlestur í Hönnunarsafni Íslands við Garðatorg í Garðabæ. Í fyrirlestrinum fjallar Pétur um byggingarlist þar í bænum og er þetta fyrsti fyrirlesturinn í röð sem safnið stendur að og kallast *Áratugir í íslenski hönnunarsögu*.

Á 7. áratug síðustu aldar risu í nýjum hverfum í Garðahreppi framúrstefnuleg einbýlishús sem þóttu og þykja enn tíðindum sækja í íslenskum arkitektúr. Áhrif frá bandarískum nútímaarkitektúr voru áberandi á þessu tímabili. Í fyrirlestrinum fjallar Pétur um þetta merka skeið í íslenski byggingarlist.



Pétur H. Ármannsson

Leiklist Fjalla-Eyvindur í Norðurpólinn

Leikhópurinn Aldrei óstelandi efnir um næstu helgi til tveggja lokasýninga á leikritinu Fjalla-Eyvindi eftir Jóhann Sigurjónsson í leikhúsinu Norðurpólinn á Seltjarnarnesi. Sýningarnar verða 22. og 23. október og hefjast klukkan 20.00.

Leikritið var sýnt 30 sinnum í Norðurpólinn síðasta vetur og þrisvar á Akureyri og hlaut afar góða dóma. Sýningin fékk tvær tilnefningar til Grímuvörðlauna. Leikarar eru Edda Björg Eyjólfssdóttir, Guðmundur Ingi Þorvalds-son, Bjartur Guðmundsson og Valdimar Örn Flygenring. Leikstjóri er Marta Nordal.



Úr sýningunni á Fjalla-Eyvindi.

Skrípófólk út um allt

70 þúsund á laugardag – Nýsjá-lendingar stigu dans

Pétur Blöndal pebl@mbl.is

„Það var ótrúleg aðsókn um helgina,“ segir Halldór Guðmundsson, verkefnisstjóri Sögueyjunnar Íslands, en á sunnudag lauk bókastefnunni í Frankfurt þar sem Ísland var heiðursgestur. „Mér var sagt að bara á laugardaginn hefðu komið 70 þúsund gestir, sem er aðeins meira en í fyrra. Þar af er reiknað með að að minnsta kosti helmingurinn hafi komið í íslenska skálann. Umfjöllunin var gríðarleg, þýsku blöðin tala um að þetta hafi verið öflugasta kynning á gestalandi í manna minnum. Tilgangurinn var að vekja athygli á okkar bókum og ég held að það hafi tekist.“

Hann segir gaman hversu mikil aðsókn var á viðburði sem staðið var fyrir. „Um helgina stóðu þrjú til fjögur hundruð manns eða sátu á gólfinu, fyrir utan þau tvö hundruð sem voru í sætum.“

Helgin hratt af stað

„Helgin var allt öðruvísi en dagarnir á undan,“ segir Helga Thors, viðburðastjóri Saga Film, sem hafði umsjón með íslenska skálannum á bókastefnunni í Frankfurt.

„Þegar hópurinn kom á laugardagsmorgni þá umbreyttist allt. Þá voru fagaðilarnir farnir heim og almenningur streymdi inn, margir í búningi af því að þá var ókeypis inn. Það var því skrípófólk út um allt,“ segir hún og hlær.

„Helgin fór hratt af stað, það var allt troðfullt á laugardagsmorgninum og á tímabili var ég að spá í að hleypa



Ljósmynd/Porsteinn J.

Keflið afhent Halldór Guðmundsson, verkefnisstjóri Sögueyjunnar Íslands, afhenti fulltrúum Nýja-Sjálands keflið.

inn í salinn í hollum, af því ég var hrædd um að annars yrði of mikill troðningur, en öryggisverðir sögðu að það væri óþarfi.“

Á sunnudaginn segir Helga að hafi verið aðeins minni örtröð en þau bjuggust við, en dagskráin hafi gengið vel.

„Við afhentum Nýja-Sjálandi keflið í gær í mikilli athöfn, þar sem nefnd þeirra steig mánadans á sviðinu, stappaði og klappaði. Mér skilst dansinn sé alltaf stígninn þegar Mára vinna land.“



Kristján B. Jónsson

ÁHUGI FRÁ ASÍU OG AUSTUR-EVRÓPU

Allir í skýjunum

„Ég heyrði í allflestum útgefendum og þeir létu vel af sér,“ segir Kristján B. Jónsson, formaður Félags bókaútfendna. „Það barst mikið af heillaóskum, einkum frá Norðurlöndum þar sem framganga Íslands vakti mikla athygli.“

Hann segir að margar fyrirspurnir hafi borist frá löndum, sem ekki hafi áður sýnt íslenskum bókmenntum mikinn áhuga, einkum Austur-Evrópu og Asíu. „Hvað þjóðverja varðar er horft til frekara samstarfs við þá sem gefið hafa út íslenska höfunda. Og það eru allir í skýjunum með hvernig til tókst.“

Þjóðarskútan uppljómuð

MYNDLIST ÞÓRA ÞÓRISDÓTTIR



Tígriðyrasmjör ★★★★★

Ósk Vilhjálmssdóttir - blönduð tækni. Í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi. Sýningin stendur til 1. janúar 2012. Ópið alla daga kl. 10-17, á fimmtudögum kl. 10-20.

Titill sýning Óskar Vilhjálmssdóttur *Tígriðyrasmjör* vísar samkvæmt stuttum texta í sýningaryfirlitsskrá safnsins í atriði bókarinnar *Litli svartu Sambó* þar sem tígriðyrin hlupu af græðgi svo hratt í kringum tréð sem Simbi hafði forðað sér í að þau breyttust í smjör. Hér er Ósk að vísa í efnahagshrunið á Íslandi og þá fíringu sem lá til

grundvallar því þindarlausu kapphlaupi sem þreytt var vegna peninga og gagnsýrði þjóðarsálina og blindaði stjórnendur landsins.

Á sýningunni má sjá risastóra innsetningu þar sem risastórt bátsform er strengt upp í loft salarins með segldúkum en formið er síðan lýst upp svo úr verður trúarlega uppljómað, upphafið og svoltið draugalegt minnismerki um útrásina margfrægu. Innsetningin inniheldur einnig myndbönd sem varpað er upp á innkeyrsludyr í sýningarsalnum og tekin eru á sjó fyrir utan Reykjavík. Myndböndin eru táknræn fyrir hvernig atburðirnir áttu sér stað á vissan hátt fyrir utan samfélagið um leið og þau vísa á kaldhæðinn hátt í það hvernig bankaútvegurinn var borinn saman við undirstöðuáttvinnugrein á borð við sjávarútveg. Þetta ásamt öllu ljóðræna og sjávarvengda táknmál-



Morgunblaðið/Eggert

Ósk Vilhjálmssdóttir á sýningunni „... úr verður trúarlega uppljómað, upphafið og svoltið draugalegt minnismerki um útrásina margfrægu.“

inu sem haft er um efnahags- og mannlíf, sbr. þjóðarskúta, strand eða byr í segl, gefur sýningargestinum færi á að melta þessi mál um

stund í táknrænni umgjörð Hafnarhússins. Ótalið er þá hljóðverk sem spilað er inni í verkinu þar sem heyra má

hraðan andardrátt þess sem hleypur og hleypur, líklega í hringi eins og tígriðyrin í sögunni. Þetta þindarlausu hlaup passar við fyrstu sýn ekki alveg inn í strandaða skipsmyndina og gefur því tilfinningu fyrir því að listakonan sé ekki aðeins að gagnrýna fortíðina heldur megi lesa sýninguna sem ádeilu á samtímann og gullkálfurinn sem nú sé hlaupið í kringum sé hin strandaða og uppljómaða þjóðarskúta.

Ósk Vilhjálmssdóttir myndlistarmaður hefur verið ötul við að taka þátt í þjóðfélagslegri umræðu og notar myndlistina sem mikilvægan miðil til að draga fram atriði, spyrja spurninga eða gagnrýna. Verkið á sýningunni virkar formrænt sterkt en skírskotanirnar eru kannski um leið of víðar eða almennar til að ná að vera raunverulegt innlegg í lífandi umræðu og líkjast því meira tragískum ljóðrænum eftirmælum.